

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Gaut EA 669 fyrir dómsupp-
hæðunum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu
hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 49/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

John Charles Ashcroft (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Pétur Sigurðsson siglingafræðingur hefur markað á sjó-
uppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann
vera 1,3 sjómilur fyrir innan landhelgilínu.

Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirra verður ekki ráðið
með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fé-
sekta, sem miðaðar eru við gullkrónur samkvæmt lögum
nr. 4/1924. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 1.,
sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lögum nr. 4/1924. Þykir refs-
ing kærða með hliðsjón af gullgildi ísl. krónu, sem er nú
33.96, hæfilega ákveðin kr. 40 000.00 sekt til Landhelgissjóðs
Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef
hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms
þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og
málkostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir
hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Kærði John Charles Ashcroft greiði kr. 40 000.00 sekt
í Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði

stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. apríl 1948.

Ár 1948, föstudaginn 23. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1958/1948: Valdstjórnin gegn John Charles Ashcroft, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn John Charles Ashcroft, 39 Cholmley Street, Hull, skipstjóra á Norman, H. 289, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, sbr. og lög nr. 18 8. marz 1948. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 13. október 1912, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu skipstjórans á varðbátnum Faxaborg eru mála-vextir þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 21. þ. m. var varðbáturinn Faxaborg á eftirlitsferð í Miðnessjó. Veður var SA 5, sjór SA 5 og þykkt loft. Kl. 18.22 var gerð þessi staðarákvörðun:

Keilir \neq Hvalsneskirkja $>$ Garðskagaviti 65° , og gefur það 0.8 sjómilu fyrir innan landhelgislínu. Frá þessum stað var stýrð réttvisandi stefna 175° . Rétt á eftir sást togari rétt framundan á stjórnborða og stefndi hann skáhalt upp að landinu. Kl. 19.05 kom varðbáturinn að togaranum, sem þá var með stjórnborðsvörpu í sjó. Sett var dufl í sjó í kjölfar togarans og dýpi mælt 71 metri. Togarinn breytti þá stefnu frá landi og hélt varðbáturinn á eftir honum. Kl. 19.18 var kærða skipað að draga inn vörpuna og gerði hann það. Var þá farið um borð í togarann og skipstjóri beðinn að koma um borð í varðbátinn, en hann neitaði að yfirgefa skip sitt og kom stýrimaður í hans stað yfir í varðbátinn. Síðan hélt varðbáturinn að duflinu og var gerð þessi staðarákvörðun:

Stafnesviti

> 60° 00'

Keilir

> 17° 35'

Þórðarfell

er gefur stað 1,2 sjómilur innan landhelgislinu. Sýrimanni togarans voru sýndar mælingarnar og hafði hann ekkert við þær að athuga. Var hann síðan fluttur í togarann og verðir settir þangað úr varðbátnum. Síðan var haldið af stað með togarann til Reykjavíkur og komið þangað kl. 2.20 í fyrrinótt. Skýrsla þessi er í öllum atriðum staðfest af I. stýrimanni varðbátsins, sem gerði framangreindar mælingar með skipstjóranum.

Kærði hefur viðurkennt framangreinda skýrslu rétta í öllum aðalatriðum. Hann hefur viðurkennt að hafa í þetta sinn verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislinunnar og efar ekki, að staðarákvörðun skipstjóra varðbátsins sé rétt, enda þótt kærði teldi sig samkvæmt ófullkomnum miðunum sínum eigi vera eins nærri landi og mæling skipstjóra sýndi. Staðarákvörðun sína merktu skipstjóri og stýrimaður varðbátsins á sjókort og hefur kærði talið þá merkingu rétta. Kærði kveðst ekki hafa verið sér þess meðvitandi, að hann væri innan landhelgislinunnar fyrr en honum var bent á það af varðbátsmönnum. Þegar hann var stöðvaður, hafi togveiði staðið yfir í hálfu klukkustund, en þar áður hafi í sjó stundarfjórðunga staðið yfir viðgerð vörpunnar. Hann heldur því fram, að þegar viðgerð þessi hófst, hafi togarinn verið utan landhelgislinunnar, en hljóti að hafa rekið inn í landhelgina meðan viðgerðin stóð yfir, og eigi aðgætti kærði, hvar hann var staddur, miðað við landhelgislinuna, þegar vörpunni var kastað að viðgerð lokinni og veiði hafin að nýju.

Samkvæmt málavöxtum, sem nú hefur verið lýst, er ljóst, að kærði hefur gerzt brotlegur við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5, 1920, sbr. lög nr. 4 1924. Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og laga nr. 14 1948 þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 88 500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Norman, H. 289, skulu upptæk gerr til sama sjóðs.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun til talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði John Charles Ashcroft greiði kr. 88 500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sekt-

arinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Norman, H. 289, skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1948.

Nr. 47/1948. **Réttvísín og valdstjórnin**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Gunnari Guðjónssyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Atvikum málsins er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn refsíákvæðum þeim, er þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Gunnar Guðjónsson greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,